Friðarávarp íslenskra kvenna

Í tilefni af lokum kvennaáratugar Sameinuðu þjóðanna gengst Friðarhreyfing íslenskra kvenna í samvinnu við '85-nefndina (sem er samstarfsnefnd um lok kvennaáratugar S.Þ.) fyrir geysivíðtækri undirskriftasöfnun í júní undir **Friðarávarp íslenskra kvenna**. Markmiðið er að safna undirskriftum allra kvenna á Íslandi 18 ára og eldri eða um 80 þúsund talsins. Kjörorð kvennaáratugarins eru: JAFNRÉTTI — FRAMÞRÓUN — FRIÐUR. Munu fulltrúar Íslands síðan afhenda listana á kvennaráðstefnu S.Þ. í Nairobi, sem haldin verður dagana 15.—26. júlí.

Sjálfboðaliðar eru hvattir til að hafa samband við miðstöð Friðarhreyfingarinnar, sem hefur aðsetur á Hallveigarstöðum, Túngötu 14, Reykjavík, sími 91—24800.

Þetta er fjárfrek aðgerð og mun Friðarhreyfing íslenskra kvenna leita eftir fjárstuðningi til félagasamtaka og fyrirtækja og vonast til að þau bregðist vel og skjótt við beiðninni. Ávísanareikningur okkar er í Landsbanka Íslands aðalbanka nr. 24070.

Íslenskar konur hafa sýnt að þær geta staðið saman að mikilvægum verkefnum. **Friðarávarp íslenskra kvenna** verður framlag okkar árið 1985 til friðar og réttlætis í heiminum.

***Við viljum** undirbúa jarðveg friðarins með því að stuðla að réttlæti, vináttu og auknum samskiptum milli þjóða.*
***Við viljum** að fjármagni sé varið til þess að seðja hungur sveltandi fólks, til heilsugæslu og menntunar, en ekki til vígbúnaðar.*
***Við viljum** leggja áherslu á uppeldi til friðar með því að sporna við ofbeldi í kvikmyndum, myndböndum og stríðsleikföngum.*
***Við viljum** að Íslendingar leggi lið sérhverri viðleitni á alþjóðavettvangi gegn kjarorkuvopnum og öðrum vígbúnaði.*
***Við viljum** glæða vonir manna um betri heim og bjartari framtíð án kjarnorkuvopna og gereyðingarhættu.*
***Við viljum** ekki að Ísland verði vettvangur aukins vígbúnaðar á norðurslóðum og höfnum kjarnorkuvopnum á landi okkar og í hafinu umhverfis, hvort sem er á friðar- eða stríðstímum.*
***Við viljum** frið sem grundvallast á réttlæti, frelsi og umhyggju í mannlegum samskiptum.*



◀ *Myriam Bat-Yosef*

5 sýningar á Kjarvalsstöðum

Laugardaginn 1. júní verða opnaðar fimm sýningar á Kjarvalsstöðum, og verður þá hver krókur og kimi hússins nýttur fyrir sýningar.

Í vestursal sýna **18 félagar Listmálarafélagsins málverk.**

Í austursal sýnir **Tryggvi Árnason grafíkmyndir.**

Í vesturforsal sýnir **Myriam Bat-Yosef málaða hluti** ýmisskonar.

Í austurforsal sýnir **Örn Ingi skúlptúra** og myndverk.

Og fyrir framan kaffistofuna verður sýning á þeim sex tillögum sem valdar voru til frekari útfærslu í **hugmyndasamkeppni um hlutverk og mótun Arnarhóls.**

K-tilboðum vel tekið

Viðskiptavinir K-kaupmanna fengu á sl. ári í það minnsta 6 milljón króna afslátt, vegna K-tilboðanna, sem boðið var upp á. Þetta kom fram í máli Daníels G. Björnssonar, framkvæmdastjóra K-samtakanna á aðalfundi þeirra nú nýlega. Á sl. ári buðu K-kaupmenn upp á 26 K-tilboð, alls 157 vörutegundir.

Óhætt er að fullyrða að K-tilboðunum hefur verið vel tekið af almenningi, sem nýtir sér þau kjaraboð sem boðið er upp á hverju sinni. Telja kaupmenn ljóst að þetta sé rétta svarið við stórmörkuðum og þeirri samkeppni sem frá þeim stafar. Er það vilji margra kaupmanna að færa út kvíarnar til að geta boðið enn betur. Á fundinum ríkti mikill einhugur K-kaupmanna. Aðild að samtökunum eiga nú 46 kaupmenn víða um land. Samtökin gera samninga við innflytjendur matvöru og innlenda framleiðendur um magnafslátt af kaupum.

Á aðalfundinum kom fram að kaupmenn heyra í sívaxandi mæli hjá viðskiptavinum sínum að þeir telji hag sínum betur borgið í sinni hverfisverslun en að fara um langan veg í stórmarkað.

Á aðalfundi K-samtakanna var Jónas Gunnarsson, kaupmaður í Kjötborg í Reykjavík, endurkjörinn formaður samtakanna. Með honum í stjórn eru þeir Jónas Ragnarsson í Nonna og Bubba Keflavík, varaformaður, Jón Einarsson í Sunnukjöri er gjaldkeri, Máni Ásgeirsson í Versl. Ásgeir er ritari, Baldvin Eggertsson í Kársneskjöri meðstjórnandi. Varamenn eru þeir Ingibjörn Hafsteinsson í Hamrakjöri og Júlíus Jónsson í Versl. Nóatún.

Framkvæmdastjóri K-samtakanna er Daníel G. Björnsson, en skrifstofa samtakanna er hjá Kaupmannasamtökum Íslands á 6. hæð í Húsi verslunarinnar.

Gjafir og áheit til Stokkseyrarkirkju árið 1984

Áheit:			
RÓ og SG	kr.	1.000,00	
Hjördís Ingvarsdóttir	—	2.200,00	
EG	—	500,00	
Ragnhildur Jónsdóttir	—	1.000,00	
Dúa frá Sæborg	—	1.000,00	
NN	—	100,00	
Sigríður Þórarinsdóttir	—	500,00	
JG	—	100,00	
BGB	—	400,00	
GS	—	500,00	kr. 7.300,00
Gjafir:			
Ágúst Bjarnason	kr.	500,00	
Ingólfur Gunnarsson	—	300,00	
Minningargjöf frá Ágústi og Ingveldi Bjarnadóttur til minningar um foreldra sína, Herdísi Magnúsdóttur og Bjarna Sigurðsson frá Sjónarhóli	—	2.500,00	— 3.300,00
Ágóði af hlutaveltu, sem eftirtalin börn stóðu fyrir: Nína Björg Borgarsdóttir, Guðrún Jóna Borgarsdóttir, Svanhvít Ósk Jónsdóttir og Jón Reynir Jónsson	kr.	900,00	— 900,00
Ágóði af annarri hlutaveltu, er þessi börn stóðu fyrir: Anna Margrét Gunnarsdóttir, Hulda Ósk Gunnarsdóttir, Nína Björg Borgarsdóttir og Guðrún Jóna Borgarsdóttir	kr.	1.482,00	— 1.482,00
Seld minningarspjöld			18.600,00
		Alls kr.	31.582,00

Þökkum gefendum velvild og hlýhug í garð kirkjunnar.

Sóknarnefndin.

F. h. sóknarnefndar,
Haraldur G. Júlíusson.

Landsfundur friðarhreyfingar kvenna

Annar landsfundur Friðarhreyfingar íslenskra kvenna verður haldinn laugardaginn 1. júní kl. 13.00 að Hamragörðum við Hofsvallagötu.

Friðarhreyfingin hefir nú starfað í rúm 2 ár og er þetta annar landsfundur þeirra. Friðarhóðpar kvenna víðsvegar að af landinu og frá hinum ýmsu kvenfélögum, stéttarfélögum og kvennasamtökum allra stjórnmálaflokka og óháðra einstaklinga eru grunneiningar friðarhreyfingarinnar. Hóparnir starfa sjálfstætt á sem breiðustum grundvelli að sameiginlegu takmarki okkar allra: friði og afvopnun á jörðu hér.

Miðstöð hreyfingarinnar er í Reykjavík og er hlutverk hennar að vera samtengjandi aðili hinna ýmsu hópa og einstaklinga, sem vilja leggja fram sinn skerf.

Gefið er út fréttabréf í þessu augnmiði þar sem reynt er að fræða og upplýsa um þá starfsemi sem fram fer á hverjum tíma og frétta leitað af líku starfi innanlands og utan.

Mikið starf hefir verið unnið og allt gengið vonum framar. Fræðslufundir hafa verið haldnir og fyrirlesarar fengnir til að fjalla um afvopnunarmál og annað málefninu skylt.

Á landsfundunum munu Helga Jóhannsdóttir og Una Bergmann segja frá „friðarferðinni miklu" sem þær tóku þátt í í vor, þar sem friðarhópar ýmsra samtaka í Evrópu ferðuðust milli landa í álfunni og lögðu fram almennar spurningar um friðarvilja Forsætis- og utanríkisráðherra þeirra landa sem eru í S.Þ. Seinna er áætlað að heimsækja allar aðrar þjóðir heims sem eru í samtökunum.

Fræðsluerindi mun verða flutt á landsfundi og einnig mun næsta stóra verkefni verða kynnt. Það er söfnun undirskrifta sem flestra (allra) landskvenna, undir almennt friðarávarp, sem fulltrúar hópanna (miðstöð) hefir komið sér saman um og ætlunin er að senda á ráðstefnu sem haldin verður í Nairopi í sumar í tilefni loka kvennaáratugarins.

Á landsfundi verður skýrsla miðstöðvar flutt, reikningar lagðir fram kosning í miðstöð og önnur málefni tekin fyrir. Allir eru velkomnir og hvattir til að leggja fram hugmyndir sem til heilla horfa.


Konur utan félaga sem innan sem vilja leggja fram sinn skerf til þessa vísis að heimsfriðarstarfi eru hvattar til að gerast aðilar að hreyfingunni og starfa sem einstaklingar eða í hópum að því að sambúð þjóða megi verða friðsamleg.

Konur vilja frið

Kona, ný plata frá Bubba

Í júní næstkomandi verða liðin fimm ár frá því að Ísbjarnarblús, fyrsta plata Bubba Morthens, kom út. Ísbjarnarblús var upphafið á ferli Bubba, með þeirri plötu var lagður grunnurinn að stofnun Utangarðsmanna, hljómsveit sem stokkaði rækilega upp í íslenska poppheiminum með hljómleikahaldi um allt land og eftirminnilegum hljómplötum. Síðan hefur Bubbi Morthens jafnan staðið í fylkingarbrjósti í íslenskri rokktónlist bæði sem sólóisti og með hljómsveitunum Egó og Das Kapital.

Í tilefni af þessum tímamótum á ferli Bubba er von á sjöttu sólóplötu hans. Plata þessi ber heitið „Kona" og ber að líta á hana sem eitt verk í ýmsum stílbrigðum og þema hennar er ástin með öllum þeim sáru og ljúfu tilfinningum sem henni fylgja. Áætlaður útgáfudagur plötunnar er 6. júní sem er jafnframt 29. afmælisdagur Bubba sjálfs. Það er hljómplötuútgáfan Gramm sem gefur plötuna út.



Verðlagskönnun á æfingagöllum og skóm

Mikill verðmunur milli merkja

Verðlagsstofnun hefur gert könnun á verði á æfingagöllum og æfingaskóm fyrir börn og fullorðna í 44 verslunum á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan fyrir því að þessi könnun er gerð nú, er sú að 1. júní verður felld úr gildi hámarksálagning á ýmsum vöruflokkum, m.a. á æfingagöllum og æfingaskóm.

Verð á æfingagöllum barna var á bilinu 465 kr. til 3.733 kr. og á æfingagöllum fullorðinna frá 697 kr. til 3.990 kr. Lægsta verð á æfingaskóm barna var 290 kr. en hæst tæpar 1.500 kr. Verð á æfingaskóm fyrir fullorðna var á bilinu 470 kr. til 2.500 kr. Körfuboltaskór kostuðu frá 545 kr. til 2.655 kr.

Í ljós kom að yfirleitt var frekar lítill munur á verði sömu vörutegundar af æfingagöllum á milli verslana. Þó reyndist 80% verðmunur á lægsta og hæsta verði á æfingagalla fyrir fullorðna af gerðinni Adidas Sweatsuit og 45% verðmunur á æfingagalla af gerðinni Hummel New York. Einnig var 65% verðmunur á Adidas Stockholm GT æfingaskóm eftir verslunum.

Enginn marktækur munur reyndist á verðlagi í stórmörkuðum og smærri verslunum.